

1. fundur stjórnar

Starfsárið 2023-2024

31. mars 2023

Viðstödd eru: Álfur, Bjarndís, Jóhannes, Kristmundur, Mars, Þórhildur, Daníel (framkvæmdastjóri), Hrönn (áheyrnarfulltrúi félagaráðs)

Fundargerð ritar: Bjarndís Tómasdóttir

Fundur settur: 17:07

1. Fastur liður ungmennaráðs

Þessi liður fellur niður að þessu sinni.

2. Stefna stjórnar

Stjórn stefnir að því að klára stefnu stjórnar fyrir starfsárið á næsta stjórnarfundi.

3. Öruggeri rými

Stjórn ræðir öruggeri rými og inngildingum í rýmum Samtakanna '78.

4. Samfélagsmiðlastefna

Formaður leggur til að stjórn óski eftir samfélagsmiðlastefnu. Stjórn samþykkir það.

5. Starfshópur um íþróttamál

Framkvæmdastjóri flytur mál frá Sveini Sampsted en hann óskar eftir umboði stjórnar til að stofna starfshóp um íþróttamál. Stjórn fagnar því. Hrönn verður tengiliður við stjórn í starfshópnum.

6. Skipun nefndar um norræna ráðstefnu (Daníel)

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um að fjármagn hafi fengist í gegnum forsætisráðuneytið fyrir norrænni ráðstefnu í haust. Nú þarf að byrja skipulagningu. Stjórn fagnar því.

Framkvæmdastjóri óskar eftir umboði stjórnar til þess að mynda nefnd um ráðstefnuna.

Stjórn samþykkir það.

7. Herferð #samtökinokkar (Daníel)

Framkvæmdastjóri kynnir hugmyndir fyrir stjórn til þess að auka meðvitund samfélagsins um starfsemi samtakanna og mun þróa hugmyndina áfram. Stjórn og framkvæmdastjóri ræða ýmsar hugmyndir.

8. 45 ára afmæli

Framkvæmdastjóri leggur til að stjórn stofni vinnuhóp um 45 ára afmæli Samtakanna. Stjórn tekur vel í það. Bjarndís situr í þeim hóp.

9. Önnur mál

- Bjarndís upplýsir stjórn um stöðu mála á starfshópi um skjalamál. Bergrún er starfsmaður hópsins, Bjarndís tengiliður við stjórn og í hópnum sitja Hafdís Erla, Íris Ellenberg og Agnes Jónasdóttir.
- Bjarndís og Álfur heimsóttu Hörð Torfason og ræddu ýmis mál.
- Kristmundur ber upp trúnaðarmál.

- 4500 manns hafa nú þegar tekið prófið í sýnileikaherferð Samtakanna sem Takk miðlun hélt utan um. Virkilega góður árangur.
- Í dag er sýnileikadagur Trans fólks, stjórn óskar öllu Trans fólki til hamingju með daginn. Við sjáum ykkur alla daga!

10. Samþykkt fundargerðar

Fundargerð fyrsta fundar stjórnar hefur verið samþykkt á Slack rás stjórnar. Ritari þessa fundar les fundargerð og stjórn samþykkir.

Fundi slitið: 18:19